ur — bara öðruvísi"

legasta hef ég séð Gunnar Örn Gunnarsson og Magnús Kjartansson og eflaust eru nokkrir fleiri mjög efnilegir."

„Þú ert sem sagt ekkert hræddur um framtíð íslenzkrar myndlistar?"

„Ég held að það séengin hætta á að allt fari til fjandans. Myndlistin er mikið fjölbreyttari núna en fyrir 10—15 árum, þó að ég þori ekkert að segja um gæðin. Það er heldur ekki hægt að gera neinn samanburð. Það er með ólíkindum að við skulum hafa átt myndlistamenn eins og Kjarval, Ásgrím og Jón sem samtíðamenn í ekki fjölmennara þjóðfélagi. Hvort við yngri mennirnir getum gert betur þori ég ekkert að segja um."

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir þriðja ljósmyndasýning klúbbsins Ljós, en þar sýna þrír félagar klúbbsins og einn gestur sem að þessu sinni er Mats Wibe Lund. Fyrst tókum við tali Pjetur Maack og spurðum hann hvort sýningar klúbbsins hefðu haft einhver örvandi áhrif á aðra ljósmyndara t.d. að halda sýningar.


„Við vonuðumst til þess í upphafi," segir Pjetur" að þetta hefði áhrif, en sú varð ekki raunin. Við erum ekkert betri en aðrir ljósmyndarar. og það geta margir gert þetta. Það má segja um svona sýningar, að myndirnar eru oft ekki fullunnar fyrr en sýningin er ákveðin. Ég sé því enga ástæðu fyrir því að fleiri hafi ekki farið af stað með slíkar sýningar. Miðað við fólksfjölda eru færri sýningar hér en á Norðurlöndum. Það má kannski segja að þessi klúbbur hafi orðið til góðs að einu leyti, hann klofnaði og hinn helmingurinn er genginn í annan klúbb, sem mun sýna í Hamragörðum í október"

„Metur almenningur ljósmyndina sem list?„


„Núna á þriðju sýningu okkar hefur það runnið upp fyrir mér, að því betur sem við gerum og þroskumst, því meir fjarlægjumst við almenning. Almenningur hefur mjög gróna hugmynd um ljósmyndina. Það eru flestir sem álíta að falleg mynd eigi að vera af stað, sem þeir þekkja. Og menn segja, að enginn sé orðinn góður ljósmyndari, fyrr en almenningur viðurkennir hann. Sömu sögu er að segja með listmálara."

„Nú eru þínar myndir byggðar upp á einni persónu, hvernig undirtektir hefur þetta verkefni þitt fengið?"

„Ég setti allar myndirnar upp sem sjálfstæðar, en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki selt eina einustu mynd enn. Fólk segir hreint og beint, ég set ekki bláókunnuga manneskju upp á vegg hjá mér."



Kristján Davíðsson við eitt verka sinna



Jóhannes Jóhannesson virðir fyrir sér málverk á sýningunni í Norræna húsinu.

„Er ljósmyndunin list?"

„Þetta er frekar skreytingarlist, eins og Mats Wibe Lund vill kalla þetta. Svona sýningar skapa auðugra mannlíf, og ég held að það séu 150 ár þar til ljósmyndari fær listamannalaun. En þess má líka geta, að flestir skilja ljósmyndina. Hingað kom gömul kona frá Hrafnistu um daginn og hún sagði: „Þetta er miklu skemmtilegra en málverkasýningar. Ég veit hvað snýr upp og hvað niður á ljósmyndinni, en oft á tíðum ekki á málverkinu."

Mats Wibe Lund sýnir litastækkanir á ljósmyndasýningunni, en Mats hefur fengizt við ljósmyndun í fjölda ára, og í upphafi segir hann, að ljósmyndun hafi tekið miklum framförum undanfarin ár, þó sérstaklega hvað snertir búnað og efni. „En ég held að sjálfur þyrfti ég bráðum að fara á upprifjunarnámskeið."

„Eru ljósmyndarar orðnir betri en áður?"

„Tæknilegar framfarir einstakra ljósmyndara hafa ekki verið miklar, ljósmyndarinn sér ekkert betur en áður. Betri myndir skapast af betri búnaði."

„Ertu að sýna einhverja list

Framhald á bls. 37



Pjetur Maack umkringdur myndum af Helgu Eldon

Ljósmynd Sv. Þorm.

jazzballettskóli Báru

jazzballett

Skólinn tekur til starfa 19. sept.
13 vikna námskeið.
KENNT VERÐUR:
JAZZBALLETT
MODERN
SHOW-DANSAR
Kennari Bára Magnúsdóttir.

NÝJUNG
LEIKLIST—TJÁNING
Leiðbeinandi: Edda Þórarinsdóttir, leikkona.

Upplýsingar og innritun í síma 83730.
Ath. framhaldsnemendur hafi samband við skólann sem allra fyrst.

jazzballettskóli Báru

TRAMPS
Ný sending

Teg. Trampsskór.
Í antik-brúnu leðri.
Stærðir nr. 35—46.
Verð kr. 4.595.—



Teg. 20.
Í antik-brúnu leðri,
loðfóðraðir
Stærðir 36—41.
Verð kr. 5.485.–



Teg. 30.
Í dökkbrúnu leðri,
loðfóðraðir.
Stærðir nr. 35—40.
Verð kr. 6.580.—
Stærðir nr. 41—46.
Verð kr. 6.680.—

Póstsendur



Skóverzlun Þórðar Péturssonar
V/AUSTURVÖLL, KIRKJUSTRÆTI 8, SÍMI 14181.